



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Ministry of Finance and Economic Affairs

Már Guðmundsson
Hávallagötu 20
101 Reykjavík

Arnarhvoli 101 Reykjavík Iceland
tel.: + (354) 545 9200 fax: (354) 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Reykjavík 15. ágúst 2014
Tilv.: FJR14050053/6.12

Með vísan til 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 26/2009, um breytingar á þeim lögum, eruð þér hér með skipaður seðlabankastjóri í Seðlabanka Íslands til fimm ára frá og með 20. ágúst 2014.

Um réttindi yðar og skyldur fer samkvæmt lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Eins og yður er kunnugt hefur ráðherra skipað nefnd sérfræðinga um heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands og skal hún skila ráðherra frumvarpi til nýrra laga um Seðlabanka Íslands eigi síðar en 31. desember 2014. Kjósi nefndin svo, getur hún gert tillögu til ráðherra um breytingar á einstaka ákvæðum áður en heildarendurskoðun er lokið. Í starfi sínu skal nefndin gaumgæfa þróun á starfsemi annarra seðlabanka og löggjöf á sviði peningamála og efnahagsstjórnunar með það að markmiði að treysta trúverðugleika og sjálfstæði bankans og traust á íslenskum efnahagsmálum. Með hliðsjón af því umróti sem orðið hefur á fjármálamörkuðum á undanförunum árum skal nefndin einnig skoða hvort ástæða sé til að gera breytingar á skipulagi fjármálamarkaðar og Fjármálaeftirlitsins í því skyni að efla samstarf og skýra verkaskiptingu milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Tillögur nefndarinnar geta því leitt til breytinga á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands sem óhjákvæmilega geta haft áhrif á störf yðar hjá bankanum á skipunartíma yðar.

Bjarni Benediktsson